



Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

# Starfsáætlun Skýjaborgar 2019-2020

Eyrún Jóna Reynisdóttir

Maí 2019

# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>2. SKÓLINN</b> .....	<b>3</b>
2.1 FORFÖLL OG OPNUNARTÍMI .....	3
2.2 SKÓLAHÚSNÆÐI, ÁKVÖRÐUN UM BARNAFJÖLDA .....	4
2.3 BARNAHÓPURINN .....	4
<b>3. STARFSFÓLK</b> .....	<b>4</b>
<b>4. SKÓLADAGATAL SKÝJABORGAR 2019-2020</b> .....	<b>5</b>
4.1 LEYFISDAGAR.....	6
4.2 SKIPULAGSDAGAR .....	6
<b>5. ÁHERSLUR Í LEIKSKÓLASTARFINU</b> .....	<b>6</b>
<b>6. DAGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÝJABORG 2019-2020</b> .....	<b>6</b>
<b>7. MAT Á SKÓLASTARFI 2018-2019</b> .....	<b>9</b>
7.1 BARNIÐ Í BRENNIDEPLI .....	9
7.1.1 Árangursvísir 7.1 Sjálfsmat.....	10
7.1.2 Árangursvísir 7.2 Markmið og stefnumörkun.....	10
7.1.3 Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukins árangurs.....	10
7.1.4 Árangursvísir 7.4 Stjórnandinn .....	11
7.1.5 Árangursvísir 7.5 Virkni starfsfólks .....	11
7.1.6 Árangursvísir 1.1 Uppbygging námskrár .....	11
7.1.7 Árangursvísir 1.2 Gæði áætlana .....	12
7.1.8 Árangursvísir 1.3 Gæði dagskipulags .....	12
7.1.9 Árangursvísir 2.1 Þroski og framfarir barna .....	13
7.2 STARFSMANNASAMTÖL.....	13
7.3 MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNNA.....	14
7.3.1 Nám og þroski barna metin.....	14
7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra.....	16
7.4 GRÆNFÁNAVERKEFNI.....	16
7.5 MAT Á SKÓLAÁRINU 2018-2019 .....	16
7.6 AÐRIR MATSPÆTTIR.....	17
7.7 SAMANTEKT .....	17
7.7.1 Styrkleikar.....	17
7.7.2 Tækifæri til umbóta .....	18
<b>8. UMBÓTAÁÆTLUN 2019-2020</b> .....	<b>19</b>
<b>9. SJÁLFSMATSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2019-2020</b> .....	<b>21</b>
<b>10. SÍMENNTUNARÁÆTLUN 2019-2020</b> .....	<b>23</b>

# 1. Inngangur

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 ber hverjum leikskóla að gefa út starfsáætlun árlega sem gerir grein fyrir starfsemi leikskóla hvert skólaár. Starfsáætlun skal staðfest af nefnd sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skal hún kynnt foreldrum. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla í Hvalfjarðarsveit er sameinað í eitt ráð sem heitir skólaráð.

Samkvæmt aðalnámskrá gera leikskólar starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnamála eftir því sem við á. Áætlunin er unnin í nánu samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Unnt er að vinna starfsáætlun þannig að starfsemi síðasta skólaárs sé metin við gerð hennar. Þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta.

Tilgangur með starfsáætlun er að gera skólaþróun leikskólans markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðsta ári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

## 2. Skólinn

Skýjaborg er leikskólasvið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Heimilisfang: Innrimelur 1, 301 Akranes

Símanúmer leikskólans: 433 8530

Leikskólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir í fæðingarorlofi veturinn 2019-2020. Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir mun leysa af.

Netfang: ([eyrun.jona.reynisdottir@hvalfjardarsveit.is](mailto:eyrun.jona.reynisdottir@hvalfjardarsveit.is)) / [guðmunda.julia.valdimarsdottir@hvalfjardarsveit.is](mailto:guðmunda.julia.valdimarsdottir@hvalfjardarsveit.is) / [skyjaborg@hvalfjardarsveit.is](mailto:skyjaborg@hvalfjardarsveit.is).

Heimasíða skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

### 2.1 Forföll og opnunartími

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna um allar breytingar á viðveru barnsins, t.d. veikindi eða frí.

Óskað er eftir að foreldrar hringi og tilkynni um veikindi eða fjarverur barnsins til starfsfólk deilda eða sendi skilaboð í gegnum Karellen kerfið.

Opnunartími leikskólans er frá 7:30-17:00.

## 2.2 Skólahúsnæði, ákvörðun um barnafjölda

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólustarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Áætlaður fjöldi barna í Skýjaborg er 40 börn skv. Verklagsreglum fyrir leikskóla Hvalfjarðarsveitar.

## 2.3 Barnahópurinn

Barnafjöldinn verður eftirfarandi haustið 2019 (upplýsingar maí 2019).

Börn fædd árið 2014	9
Börn fædd árið 2015	8
Börn fædd árið 2016	6
Börn fædd árið 2017	6
Börn fædd árið 2018	2
<b>Alls</b>	<b>31</b>

Gert er ráð fyrir 1,0625 stöðugildi vegna tvítýngds barns og barns sem þarf á aðstoða að halda, mat skólastjóra og sálfræðings. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

## 3. Starfsfólk

Starfsmenn skólaárið 2019-2020 eru:

Starfsmenn:	Starfsheiti:	Starfshlutfall:
Aurelia Solovei	Leiðbeinandi	100%
Agnieszka Aurelia Korpak	Deildarstjóri	100%
Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	Fæðingarorlof
Guðbjörg Benjamínsdóttir	Matráður	100%
Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir	Leikskólastjóri	100%
Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	57%
Ingbjörg Unnur Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Íris Tinna Ingólfssdóttir	Iðjuþjálfari	80%
Kristín Ása Hjálmsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Ólöf Guðmundsdóttir	Sérkennari	20%
Ragna Ívarsdóttir	Leiðbeinandi / matráður	85,7% / 14,3%
Sigurbjörg Friðriksdóttir	Aðstoðarleikskólastjóri / Deildarstjóri	100%

Unnur Tedda Þórgrímsdóttir	Leiðbeinandi	85,7%
Þórdís Þórisdóttir	Leikskólakennari	20%
	Stöðugildi samtals	10,3825

Stöðugildi í Skýjaborg reiknast eftirfarandi skólaárið 2019-2020:

Stjórnun	1,1
Eldhús	1
Grunnstöðugildi	4,9
Sérkennsla	1,0625
Afleysing v. undirbúnings	0,55
Afleysing 8,33%	0,67
Stytting vinnuvikunnar	1,1375
ALLS	10,45

## 4. Skóladagatal Skýjaborgar 2019-2020

Skóladagatal er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur allt starfsfólk skólans, foreldrafélagið, skólaráð og Fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Samkvæmt verklagsreglum leikskóla Hvalfjarðarsveitar skal leggja fram skóladagatal og samþykkja með því lokanir á stórhátíðardögum og skipulags- og fundardögum. Lokað er aðfangadag og gamlársgangur. Leikskólagjöld eru ekki frádregin þessa daga.

Skóladagatöl leik- og grunnskóla hafa verið samræmd eins og kostur er til að koma til móts við foreldra sem eiga börn á báðum skólastigum.

Samband íslenskra sveitarfélaga **Leikskóladagatal 2019 - 2020** Nafn skóla:

	AGUST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1. B	1. B	1. B	1. B	1. B	1. B	1. B	1. B	1. B	1. B	1. B	1. B	1. B
2. F	2. M	2. M	2. L	2. L	2. M	2. F	2. F	2. M	2. M	2. F	2. F	2. F
3. B	3. B	3. F	3. B	3. B	3. M	3. F	3. M	3. B	3. F	3. B	3. M	3. F
4. L	4. M	4. F	4. M	4. M	4. M	4. L	4. B	4. M	4. M	4. L	4. L	4. L
5. B	5. F	5. F	5. F	5. F	5. F	5. B	5. M	5. F	5. B	5. F	5. F	5. B
6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M	6. M
7. M	7. L	7. M	7. F	7. F	7. F	7. F	7. F	7. L	7. M	7. F	7. B	7. P
8. F	8. B	8. B	8. B	8. B	8. B	8. M	8. B	8. B	8. B	8. B	8. M	8. M
9. F	9. M	9. M	9. L	9. M	9. M	9. F	9. B	9. M	9. F	9. L	9. F	9. F
10. L	10. B	10. F	10. B	10. B	10. F	10. F	10. M	10. M	10. F	10. B	10. M	10. F
11. B	11. M	11. F	11. F	11. M	11. M	11. L	11. L	11. M	11. L	11. M	11. L	11. L
12. M	12. F	12. L	12. L	12. B	12. F	12. B	12. B	12. F	12. B	12. F	12. B	12. B
13. B	13. F	13. M	13. M	13. M	13. F	13. M	13. F	13. F	13. M	13. M	13. L	13. M
14. M	14. L	14. L	14. L	14. F	14. F	14. L	14. F	14. L	14. F	14. F	14. B	14. B
15. F	15. B	15. B	15. B	15. F	15. B	15. L	15. B	15. B	15. M	15. F	15. M	15. M
16. F	16. M	16. M	16. M	16. M	16. M	16. F	16. B	16. M	16. F	16. L	16. M	16. F
17. L	17. F	17. F	17. F	17. F	17. F	17. F	17. M	17. F	17. F	17. B	17. M	17. F
18. B	18. M	18. M	18. M	18. M	18. M	18. L	18. L	18. M	18. L	18. M	18. L	18. L
19. M	19. F	19. F	19. L	19. B	19. B	19. B	19. M	19. F	19. B	19. F	19. F	19. F
20. B	20. F	20. B	20. B	20. M	20. F	20. M	20. F	20. F	20. M	20. M	20. M	20. M
21. M	21. L	21. M	21. M	21. F	21. L	21. B	21. F	21. L	21. F	21. B	21. F	21. P
22. F	22. B	22. F	22. F	22. F	22. M	22. M	22. L	22. B	22. M	22. F	22. M	22. M
23. F	23. M	23. M	23. L	23. M	23. M	23. F	23. B	23. M	23. F	23. L	23. B	23. F
24. L	24. B	24. F	24. F	24. B	24. B	24. F	24. M	24. M	24. F	24. B	24. M	24. F
25. B	25. M	25. F	25. M	25. M	25. M	25. L	25. B	25. M	25. F	25. M	25. L	25. L
26. M	26. F	26. F	26. L	26. B	26. B	26. B	26. M	26. F	26. B	26. F	26. F	26. F
27. B	27. F	27. M	27. M	27. M	27. F	27. M	27. F	27. F	27. M	27. M	27. M	27. M
28. M	28. M	28. M	28. F	28. F	28. L	28. B	28. F	28. F	28. L	28. B	28. F	28. P
29. F	29. B	29. B	29. B	29. M	29. M	29. M	29. L	29. M	29. M	29. M	29. M	29. M
30. F	30. M	30. M	30. L	30. M	30. F	30. F	30. M	30. M	30. F	30. L	30. M	30. F
31. L	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. F	31. M	31. M	31. F	31. F

## 4.1 Leyfis dagar

Sumarfrí 20 virkir dagar frá frá 6. júlí til og með 31. júlí 2020.

## 4.2 Skipulags dagar

Skipulags dagar skólaársins 2019-2020 verða 6 talsins, 5 heilir og 2 hálfir:

Sameiginlegur skipulagsdagur **14. ágúst** (miðvikudagur): Námskeið í líkamsbeitingu. Hópefli.

Skipulagsdagur **13. september** (föstudagur): Starfsmannafundur. Undirbúningur vetrarstarfs. Undirbúningur kynningarfunda.

Skipulagsdagur **11. október** (Föstudagur): Leikur að læra ráðstefna í Hveragerði.

Hálfur skipulagsdagur **2. janúar** (fimmtudagur), *opið frá* kl. 12:00: Starfsmannafundur. Deildarvinna.

Skipulagsdagur **14. febrúar** (Föstudagur): Starfsmannafundur. Námskeið.

Hálfur skipulagsdagur **18. mars** (miðvikudagur), *lokað frá* kl. 12:00: Starfsmannafundur. Deildarvinna.

Skipulagsdagur **6. apríl** (mánudagur): Mat á skólasterfi.

## 5. Áherslur í leikskólastarfinu

Í skólanámskrá má finna þær áherslur sem skólinn setur sér, markmið og þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skólanámskrána má finna á heimasíðu skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/skólanámskrá>. Deildarnámskrár Regnbogans og Dropans eru svo ítarlegri og sína þau markmið og leiðir sem farnar eru á hvorri deild fyrir sig. Þær uppfærðar í júní ár hvert. Finna má deildarnámskrár á heimasíðu skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/deildir-leikskólans-0>.

## 6. Dagar og viðburðir í Skýjaborg 2019-2020

**Dagur læsis 8. september (ath. sunnudagur finna annan dag):** óákveðið hvað gera skal.

**Dagur íslenskrar náttúru 16. september:** Njóta náttúrunnar í nágrenni leikskólans. Möguleiki að fara í vettvangsferð með nesti.

**Umferðarvika 14.-18. október:** Umferðarvika að hausti.

**Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október (haldinn föstudaginn 25. okt):** Þá mega börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum.

**Kynningarfundir að hausti (dropinn 18. sept og regnboginn 19. sept):** Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

**Foreldraviðtöl:** Foreldraviðtöl verða með öðru sniði í ár heldur en verið hefur. Foreldrar verða nú boðaðir í eitt foreldraviðtal í kringum afmælisdag barnsins.

**Bleikur dagur 11. október:** Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

**Dagur íslenskrar tungu 16. Nóvember (ath. laugardagur, finna annan dag):** Sönglög og þulur eftir íslenska höfundu kynntar börnum. 3. bekkur kemur í heimsókn og les fyrir börnin. Rithöfundur fengin í heimsókn til að lesa úr verkum sínum einhvern tímann í kringum þennan dag.

**Fullveldisdagurinn 1. Desember (ath. laugardagur, fullveldishátíð haldin þriðjudaginn 3. desember):** Þá eru elstu börnin með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla.

**Aðventa:** Smákökubakstur í lok nóv/byrjun des. Þann 5. desember er áætlað foreldrakaffi sem er róleg stund með foreldrum, boðið upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Þann 12. desember eru áætluð litlu jólin hér í Skýjaborg. Þá hittumst við saman á Regnboganum, syngjum jólalög og dönsum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn er hátíðarmatur. Í kringum aðventuna höfum við einnig síðustu árin fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Lagt er upp með að aðventan sé róleg, fjarri stressi og hraða sem myndast oft í þjóðfélaginu á þessum tíma árs.

**Karлакaffi 24. janúar:** Á bóndaginn er öllum körlum í lífi barnanna boðið í karlakaffi.

**Þorrinn:** Þorrablót haldið einn dag á þorra. Hangikjöt, harðfiskur og þorramatssmakk. Á þorranum ætlum við að hafa einn rafmagnslausan dag.

**Dagur leikskólans 6. febrúar:** Í tilefni hans förum við saman í skróðgöngu um hverfið og reynum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi.

**Tannverndarvika 10.-14. febrúar:** Farið er yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

**Konukaffi 21. febrúar:** Í tilefni konudags er öllum konum í lífi barnanna boðið í konukaffi.

**Bolludagur 24. febrúar:** Boðið er upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómobollur í kaffitíma.

**Sprengidagur 25. febrúar:** Boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

**Öskudagur 26. febrúar:** Allir mega koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá koma allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr pappakassanum) og haldið er ball.

**Dans:** Í 5 vikur í mars og apríl er danskennari fenginn 1x í viku til að brjóta upp leikskólastarfið og kenna börnunum skemmtilega dansa.

**Blár dagur í apríl:** Sýnum einhverfum stuðning og samstöðu með bláum degi.

**Dagur umhverfisins, 25. apríl (ath. laugardagur, finna þarf annan dag):** Þá er farið út að tína rusl. Ef áhugi er fyrir hendi er gaman að búa eitthvað til úr ruslinu. Sum ár hefur verið útbúið ruslaskrímsli.

**Vorskóli elstu barna:** 5., 6. og 7. maí verður útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fara börnin með skólarútunni að heiman, sækja Heiðarskóla þrjá heila daga og koma ekkert í leikskólann.

**Sveitaferð:** Seinnipartinn í maí verður farið í hina árlegu sveitarferð að Bjarneyjarsandi.

**Útskrift:** Einhvern daginn í lok maí verður útskrift elstu barna, dagur auglýstur þegar nær dregur. Börnin æfa atriði og sýna, síðustu ár hafa börnin farið með þulu og sungið lag. Börnin fá svo afhent skírteyni og gjöf. Að lokum gæða allir sér á veitingum af glæsilegu hlaðborði sem fjölskyldur hjálpast við að útbúa. Börnin útbúa í leikskólanum einnig ostabakka á hlaðborðið.

**Umferðarvika 25.-29. maí og hjóladagur 28. maí:** Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

**Útskriftarferð:** Einn veðurbliðan dag í loka maí eða í júní munu börnin fara í útskriftarferð. Farið er á Akranes. Dagskrá og tímasetning auglýst þegar nær dregur.

**Útidótadagur:** Hefð er fyrir því að hafa útidótadag einn veðurbliðan dag í júní.



## 7. Mat á skólastarfi 2018-2019

Mat á skólastarfi tekur mið af markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Árlega er sett fram matsáætlun sem tryggir mat á öllum þáttum skólastarfsins á fimm ára tímabili. Á hverju ári eru matsfundir að vori þar sem skólastarf ársins er metið í heild og einstakir þættir þess. Við mat á skólastarfi er unnið út frá matsaðferðinni Barnið í Brennidepli sem er heildstætt matstæki.

Áherslur skólaársins í Barni í brennidepli 2018-2019 voru að meta:

- Lykilþáttur 7: Stjórnun
  - Árangursvísir 7.1 Sjálfsmat
  - Árangursvísir 7.2 Markmið og stefnumörkun
  - Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukins árangurs
  - Árangursvísir 7.4 Stjórnandinn
  - Árangursvísir 7.5 Virkni starfsfólks
- Lykilþáttur 1: Námskrá
  - Árangursvísir 1.1 Uppbygging námskrár
  - Árangursvísir 1.2 Gæði áætlana
  - Árangursvísir 1.3 Gæði dagskipulags
- Lykilþáttur 2: Þroski og framfarir barna
  - Árangursvísir 2.1 Framfarir barnanna í þroska og námi

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynning á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins. Sem verður með öðru sniði í fyrsta skipti þetta skólaárið, þar sem gátlistinn er nú fyrir börnin en ekki starfsfólkið.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

### 7.1 Barnið í brennidepli

Leikskólinn byrjaði að nota matstækið Barnið í brennidepli skólaárið 2010-2011. Teknir eru nokkrir árangursvísar á ári og er farið á 3-5 árum yfir alla lykilþættina og árangursvísana. Á þessu ári var önnur yfirferð kláruð og byrjað og á þeirra þriðju. Farið var alla árangursvísa og lykilþætti sem áætlað var. Í ár var farið yfir lykilþætti 1 og 2 á starfmannafundi þann 17. apríl 2019. Lykilþáttur 7 var lagður fyrir

með rafrænni starfsmannakönnun sem send var á 13 starfsmenn í byrjun maí 2019 og fengust svör frá 10.

Helstu niðurstöður úr könnunni voru:

#### *7.1.1 Árangursvísir 7.1 Sjálfsmat*

Starfsfólk er allt mjög eða frekar sammála því að það fái tækifæri til að taka þátt í reglubundnu sjálfsmati, almennum umræðum um vinnuna og starfsemi leikskólans. Starfsfólk er allt sammála um að notuð séu matsgögn til að meta allt skólastarfið og gagnkvæm tengsl milli starfsfólks og barna. Allir eru sammála um að tekið sé tillit til sjónarmiða barna í innra mati. Flestir eru sammála um að tekið sé tillit til sjónarmiða foreldra í innra mati, einn ekki viss. Starfsfólk er allt mjög eða frekar sammála því að stjórnendur ábyrgist að allir þættir séu metnir í innra mati, s.s. námskrár, þroski og framför barna og námsumhverfi.

Allt starfsfólk nema einn er sammála því að stjórnendur hafi eftirlit með gæðum vinnu hvers starfsmanns, t.d. með því að ræða þróunaráætlanir, vinna með starfsfólki og fylgjast með samskiptum starfsfólks og barna.

Flest starfsfólk er mjög eða frekar sammála að regluleg endurskoðun verkaskiptinga og stjórnunaraðferða er framkvæmd til að tryggja eðlilega þróun í almennu starfi leikskólans.

**Til umbóta:** Í lagi.

#### *7.1.2 Árangursvísir 7.2 Markmið og stefnumörkun*

Allt starfsfólk er sammála um að leikskólinn eigi sér markmið og stefnu sem endurspeglar lög og reglugerð um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla. Allir eru mjög eða frekar sammála um að markmiðin séu víðtæk og taka mið af þroska barna, öryggi þeirra og velferð. Einnig eru allir mjög eða frekar sammála að markmiðin séu notuð til stuðnings við áætlanagerð og umbætur í leikskólasterfinu.

Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála að markmið leikskólans séu leiðbeinandi og stefnumarkandi fyrir sig í starfi með börnunum. Allir eru mjög eða frekar sammála að foreldrar og starfsfólk sé upplýst um uppeldis- og menntunaráherslur leikskólans.

Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála að uppeldis- og menntastefna sé þróuð með virkri þátttöku allra starfsmanna.

**Til umbóta:** Í lagi.

#### *7.1.3 Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukins árangurs*

Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að þróunaráætlun/umbótaáætlun sé sett upp fyrir allar umbætur og tengsl milli markmiða leikskólans og framkvæmda sé mjög eða frekar skýr.

Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að þróunaráætlunin/umbótaáætlunin sé metin reglulega og endurnýjuð eftir þörfum.

**Til umbóta:** Í lagi.

#### 7.1.4 Árangursvísir 7.4 Stjórnandinn

Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að leikskólastjórinn hefur til að bera faglega hæfni.

Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að leikskólastjórinn hafi skapandi og hvetjandi áhrif á aðra og mótar jákvætt starfsumhverfi. Einnig að hann sé vel í stakk búinn til að leggja hlutlægt mat á hæfni starfsfólks og framlag hvers og eins til starfseminnar í leikskólanum.

Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að leikskólastjórinn sé í góðum tengslum við börn og foreldra og á auðvelt með samstarf við þá. Einnig eru allir mjög eða frekar sammála að samskipti leikskólastjóra við starfsfólk, aðra fagaðila, foreldra og samfélagið séu mjög góð.

Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að leikskólastjórinn hefur komið á fót öflugri samvinnu innan leikskólans. Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála að það fái hvatningu til að taka fullan þátt í lífi og starfi innan leikskólans.

**Til umbóta:** Í lagi.

#### 7.1.5 Árangursvísir 7.5 Virkni starfsfólks

Allt starfsfólk finnst verkaskipting mjög eða frekar vel skilgreind og skiljanleg með hliðsjón af þörfum leikskólans. Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að það og samstarfsfólk þeirra uppfylli vinnuskyldu sína af kostgæfni.

Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að starfsfólk leikskólans sé hvert öðru góð fyrirmynd í öllu starfi leikskólans. Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að það mæti á réttum tíma á sína starfstöð og fari eftir dagskipulagi. Flestir eru einnig mjög eða frekar sammála um að samstarfsfólk mæti á réttum tíma til vinnu og fari eftir dagskipulagi.

Allt starfsfólk er mjög eða frekar sammála að það taki leiðsögn, sýni frumkvæði og áhuga á börnum, taki ábyrgð þegar við á og afli sér þekkingar á sviði uppeldis- og menntamála. Einnig eru flestir mjög eða frekar sammála að samstarfsfólk taki leiðsögn, sýni frumkvæði og áhuga á börnum, taki ábyrgð þegar við á og afli sér þekkingar á sviði uppeldis- og menntamála.

**Til umbóta:** Í lagi.

#### 7.1.6 Árangursvísir 1.1 Uppbygging námskrár

Starfsfólk leikskólans telur að leikskólinn bjóði upp á örvun alhliða þroska í gegnum daglegar venjur leikskólans. Með daglegum venjum má telja upp leik, hreyfistundir, hópastarf, göngutúra, útiveru, matartíma, í fataherbergi, samveru, jóga og lubbastundir. Þá má einnig nefna í gegnum orðræðu um gildin okkar og okkar venjur að leyfa börnunum að vera með í ákvarðanatöku.

Starfsfólk telur að leikskólinn veiti hverju barni fjölbreytta reynslu með nægu framboði af leik- og námsefni í samræmi þarfir þess. Við bjóðum t.d. upp á leir, spil, perlur, blöð/pappír, liti, fjölda tegunda af kubbum (numicon, einingakubbar, duplo o.fl), leikur að læra efni, endurnýtanlegan efnivið sem fellur til, fatnað í hlutverkaleik, fjölbreytni í útidóti og bækur. Þá er náttúran einnig stutt frá sem er vel nýtt. Starfsfólk er duglegt að grípa inn í ef þess þarf fyrir einstakt barn. Starfsfólk telur nauðsynlegt að

auka vitund barna á umhyggju gagnvart bókum og púslum og perlum sem detta í gólfið. Einnig að auka þarf vitund barna á að við göngum frá eftir okkur.

Skólanámskrá og starfsáætlanir leikskólans eru í samræmi við Aðalnámskrá leikskólans. Stefna og gildi leikskólans endurspeglar aðalnámskrá. Í umræðu um skólanámskrá og aðalnámskrá kom fram að auka þarf framboð af bókum sem sína ólíkar þarfir og menningu.

**Til umbóta:** Auka vitund barna á umhyggju gagnvart bókum og púslum og perlum sem detta í gólfið. Einnig að auka þarf vitund barna á að við göngum frá eftir okkur. Auka framboð af bókum sem sína ólíkar þarfir og menningu.

#### *7.1.7 Árangursvísir 1.2 Gæði áætlana*

Áætlanir tryggja samhæfingu og mikilvægi náms. Það eru ekki margar einstaklingsnámskrár eins og staðan er í leikskólanum núna, en þær eru vel upp byggðar, sveigjanlegar og endurspeglar þarfir og oftast áhugasvið barnsins. Alltaf er horft út frá einstaklingnum og hans þörfum. Áætlanir eru metnar mjög reglulega með starfsfólki deildarinnar á deildarfundum og/eða starfsmannafundum, með foreldrum á foreldrafundum / samráðsfundum og með börnum þegar það á við (reynt að hafa þau með í ákvarðanatöku).

Starfsfólk fær skýrar leiðbeiningar varðandi áætlanir um uppeldi og nám barnanna og stuðning við gagnasöfnun. Það hefur þó stundum reynst erfitt að koma nýjum starfsmönnum inn í hlutina strax.

**Til umbóta:** Passa upp á stuðning við nýtt starfsfólk í starfi í tengslum við þær einstaklingsáætlanir sem í gangi eru hverju sinni.

#### *7.1.8 Árangursvísir 1.3 Gæði dagskipulags*

Dagskipulag deildanna er vel mótað, hefur skýra stefnu varðandi það sem á að gera hverju sinni. Það er í sífelldri endurskoðun/mati, þar sem allir starfsmenn koma að og börnin þegar við á, til að mæta þörfum barnanna. Dagskipulag deildanna er opið og sveigjanlegt, þarfamiðað við börnin og lagt upp með frjálsan leik en haldið í ákveðna rúttínu sem vekur öryggiskennd hjá börnunum.

Starfsfólk nýtir sér ýmsar matsupplýsingar reglubundið til að bera kennsl á þarfir barnanna og skipuleggja næstu skref í leikskólastarfinu. Farið er yfir þroskamat á Regnboganum. Notast er við TRAS, MIO og Hljóm. Lubbi er að koma meira og meira inn, en í þeirri vinnu fylgist starfsfólkið vel með máli barnanna. Starfsfólk vill endilega heyra meira frá börnunum, hvað er spennandi / gott í leikskólanum og hvað má betur fara. Væri t.d. hægt með að bjóða börnunum upp á að vera stjarna vikunnar.

Starfsfólk telur að foreldrar séu vel upplýstir um námskrá og dagskipulagið og hafa tækifæri til að koma með hugmyndir að breytingum. Farið er vel yfir áherslur, gildi og dagskipulag í foreldraviðtölum. Foreldrar hafa alltaf kost á að ræða við starfsmenn og stjórnendur. Það er hlustað á foreldra, væntingar þeirra, viðhorf og hugmyndir þeirra teknar inn í innra matið.

**Til umbóta:** Endurskoða mat barna á leikskólastarfinu. Skoða innleiðingu á stjórnun vikunnar (eða einhverju sambærilegu) á Regnboganum.

### 7.1.9 Árangursvísir 2.1 Þroski og framfarir barna

Flest börn taka eðlilegar framfarir í þroska og námi. Hvert barn er einstakt og einblínum við á styrkleika barnanna og bjóðum upp á fjölbreytt leikskólastarf þar sem börnin fá tækifæri til að takast á við áskoranir og þróa allar sínar greindir. Gripið er inn í og notast við snemmtæka íhlutun fyrir þau börn sem þurfa. Starfsfólk er sammála um að meira púður er lagt í þá sem eru neðar, heldur en að gefa þeim er ofarlega meira.

Fyrir foreldraviðtölin er farið yfir þroska og líðan allra barnanna. Einnig notast við TRAS, MIO og Hljóm. Stoðþjónustan er einnig sterk þar sem sérkennari og talmeinafræðingur koma reglulega og fylgjast með.

**Til umbóta:** Í lagi.

## 7.2 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram á tímabilinu 7. febrúar – 12. apríl 2019. Fyrirkomulag samtalanna var með þeim hætti að skólastjórar ræddu við hvern og einn starfsmann á sínu sviði út frá viðtalsramma sem fylgir í viðauka í Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjaraðrsveitar 2018-2019. Tölulegar niðurstöður starfsmannasamtala má finna í ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjaraðrsveitar 2018-2019.

### **Skýjaborg, styrkleikar:**

Í heild mátti sjá að starfsfólki þykir samskipti við foreldra og börn vera jákvæð og góð. Starfsfólk er ánægt með stjórnunina, styttingu vinnuvikunnar og upplýsingaflæði. Starfsfólk er ljóst um réttindi, skyldur, kröfur og starfslýsingu.

Í mörgum starfsmannasamtölum ræddi starfsfólk um góðan starfsanda, telur sig ánægt í vinnunni og er glatt að koma í vinnuna. Einnig nefndu nokkrir sérstaklega góðan stuðning frá deildarstjórum og að gott væri að ræða við vinnufélagana og spyrja um ráð.

Annað sem var nefnt í einstaka samtölum: Starfsfólki finnst vera létt og gott andrúmsloft, finnst það alltaf velkomin í vinnuna, samskipti og flæði er gott á milli starfsmanna og starfsmenn duglegir að ræða málin, hrósa og leiðbeina (lærdómssamfélag). Stjórnendur eru duglegir og skilvirkir og gott að fá pósta um námskeið. Minna álag í vetur heldur undanfarna vetur.

### **Skýjaborg, tækifæri til umbóta:**

Í nokkrum samtölum voru samskiptamál sem upp hafa komið í vetur á milli starfsmanna rædd og var nokkur einhugur um að samskiptin væru á uppleið og vel tekið á þeim. Mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut. Annars voru tækifæri til úrbóta mjög mismunandi á milli starfsmanna og því einn eða fáir á bakvið hvert tækifæri til umbóta. Bæta má samvinnu starfsmanna inni á deild þegar deildarstjóri er frá.

Ósk er um ýmis námskeið, tákn með tali námskeið, listköpunarnámskeið, upprifjun í jóga og námskeið um sérfaði í mötuneyti. Það má endilega fjárfesta í fleiri hljóðfærum fyrir leikskólann og efnivið fyrir

Yngstu börnin. Farið var strax í apríl/byrjun maí að fjárfesta í efnivið fyrir yngstu börnin svo búið er að uppfylla það.

Upp kom hugmynd um að fá foreldra í meiri samvinnu, bjóða þeim inn á deild að vera með í leik og hópastarfi svo þeir sjái starfið sem fram fer. Og/eða fá foreldra til að vera með í undirbúningi fyrir íþróttadag í júní, aðstoða við keppni eða mat. Væri gott að heyra einnig í foreldrum með aukna samvinnu á þessu sviði.

Niðurstöðurnar eru unnar áfram í umbótaáætlun skólans fyrir næsta skólaár sem má finna hér aftar.

Í desember ár hvert taka deildarstjórar leiðbeiningasamtöl við starfsfólk sinnar deildar. Það hefur gefist vel og verður því haldið áfram næskomandi skólaár. Farið er yfir ákveðna punkta um samskipti, líðan og árangur í starfi. Deildarstjórar taka niðurstöður og vinna strax að úrbótum ef þörf er á.

## 7.3 Mat á námi og velferð barna

### 7.3.1 *Nám og þroski barna metin*

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og gefst foreldrum tækifæri til að koma að skipulagi skólstarfsins. Foreldrar geta einnig óskað eftir að hitta starfsfólk utan skipulagðra foreldraviðtala. Fyrir foreldraviðtöl fara fram skráningar á líðan og þroska barna í leikskólanum. En framfarir í þroska barna eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagöngu þeirra og eru niðurstöðurnar notaðar til að bæta skipulag og aðferðafræði leikskólans. Við leikskólann starfa talmeinafræðingur og sérkennari sem aðstoða við og útfæra mat á þroska barna ef um frávík er að ræða. Dæmi um tæki til að meta þroska barna eru; Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil, TRAS, MIO og þroskalisti sem útbúinn hefur verið í leikskólanum til að skoða alhliða þroska barna.

Við athugun á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á að skoða:

- Ahliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagsfærni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Þessir þættir eru lagðir til grundvallar í foreldraviðtölum.

Í foreldraviðtölunum að hausti kom eftirfarandi fram:

- a. **Jákvætt:** Allir foreldrar ánægðir með leikskólann. Ánægðir með nýtt fyrirkomulag. Telja það kostur að það sé ekki alltaf sami starfsmaður að opna. Foreldrum þykir jákvætt fyrir starfsfólkið að geta tekið þátt í verkefninu um styttingu vinnuvikunnar. Foreldrar voru spurðir hvernig þeir vildu koma meira að leikskólastarfinu, engar hugmyndir komu fram, þeir vildu ekkert meira samstarf, ánægðir með núverandi fyrirkomulag.

Vegna ytra mats voru foreldrar sérstaklega spurðir út í hvort þeir fengju nægar upplýsingar varðandi barnið í lok dags og hvort það væru eitthvað sem þeir myndu vilja bæta eða sjá öðruvísi varðandi upplýsingagjöf og samtal. Engar athugasemdir bárust.

- b. **Aðlögun:** Aðlögunin gekk vel. Vel skipulagt. Foreldrar fengu góðar upplýsingar með heim. Vissu alveg hvað var að fara að gerast með barnið.
- c. **Tækifæri til umbóta:** Foreldrar benda á óánægju sína að börn séu að horfa í leikskólanum í Ipadinum á teiknimyndir og tónlistarmyndbönd. Heimasíða erfið og þung, foreldrar finna hana bara í gegnum hvalfjarðarsveitarsíðuna.

Farið var strax í umbætur út frá foreldraviðtölum að hausti. Starfsfólki skýrt að börn mega horfa í Ipad eða í sjónvarpinu einstaka tilfelli og þá er það í boði fyrir öll börn og taka stjórnendur ákvörðun um það (t.d. rólegheitardagur í slæmu veðri, í kringum jólin eða á öskudag). Barn á ekki að fá að velja að horfa í Ipad ef það er duglegt að taka til. Tónlistarmyndbönd eiga ekki að ganga og ekki teiknimyndir. Ipad-arnir eru vinnu- og kennslutæki. Allir mega leyfa börnunum að fara í kennsluforrit. Allir mega hjálpa börnunum í þekkingarleit í gegnum Ipad/ internet. Í fréttabréfi til foreldra var vakið athygli á heimasíðu skólans, foreldrar ekki meðvitaðir að hægt sé að fara beint inn á heimsíðu skólans, margir að fara í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins.

Í foreldraviðtölunum að vori kom eftirfarandi fram:

- a. **Jákvætt:** Allir foreldrar jákvæðir og ánægðir með starfið í leikskólanum. Foreldrum voru tilkynntar breytingar á foreldraviðtölum næsta haust. Gefist hefur vel síðustu tvo vetur að fara yfir áherslur, dagskipulag o.fl. í foreldraviðtali að hausti. Starfsmenn eru hins vegar mikið að endurtaka sig og segja það sama í morgun viðtölum og finnst þurfa að breyta fyrirkomulaginu eitthvað. Báðir deildarstjórar hafa góða reynslu af einu foreldraviðtali á ári í kringum afmælisdag barnsins og tekin var ákvörðun að prófa það og setja upp kynningarfundir að hausti fyrir foreldra. Allir voru jákvæðir með breytingarnar.
- b. **Tækifæri til umbóta:** Í lagi.

Í leikskólanum á hvert barn sína ferilmöppu þar sem safnað er saman verkum, verkefnum, ljósmyndaskráningum, námsgögnum og því sem hægt er að nota við mat á þroska, námi og velferð. Börnin fá einnig að velja annað sem þau vilja e.t.v. bæta í þeirra ferilmöppur. Við lok leikskólagöngu fær hvert barn sína ferilmöppu afhenta til eignar.

Leikskólinn á fulltrúa í nemendaverndarráði þar sem málefni einstakra barna eru rædd ef um frávik í þroska, félagslegu umhverfi eða líðan er að ræða.

Sérkennari kemur í leikskólann einu sinni í viku og hjálpar til við skimun og sinnir þeim börnum sem þurfa á sérstuðningi að halda. Mestur af þeim stuðningi snýr að málörvun einstakra barna. Sérkennari sinnir einnig ráðgjöf til starfsmanna og foreldra og er skólastjóra innan handar við skipulagningu sérstuðnings. Sérkennari skilar skýrslu til skólastjóra.

Talmeinafræðingur kemur í leikskólann 1-2x í mánuði yfir vetrarmánuði og sinni greiningu, ráðgjöf, íhlutun og eftirfylgni. Nokkur börn hafa þurft á þjálfun að halda í vetur og hafa starfsmenn sinnt þjálfun undir handleiðslu talmeinafræðings utan þess tíma sem hann kemur í leikskólann.

Skólasálfræðingur kemur eftir þörfum í leikskólann og sinnt greiningum og ráðleggingum til foreldra og/eða starfsfólks eftir því sem við á.

Iðjuþálfi er í 80% vinnu í leikskólanum. Hann hefur sinnt sérkennslu í leikskólanum.

### 7.3.2 Mat barna á skólafarfinu og líðan þeirra

Broskarlamat var lagt fyrir elsta árganginn í leikskólanum, eða í heild 6 börn. Matið fór fram í nóvember 2018. Þeim líður alljafna vel í leikskólanum. Helmingnum finnst ekki gaman í útiveru sem er ólíkt niðurstöðum broskarlamats í fyrra. Börnunum finnst maturinn góður. Þeim finnst þau vera lengi í leikskólanum sem er samræmi á milli ára og í samræmi við dvalarstundir þeirra. Hluti barnanna finnst að foreldrar eigi að koma í heimsókn í leikskólann en hluti ekki. Tvö börn af sex telja foreldra sína vita hvað þau gera í leikskólanum.

Börnin voru spurð hvað þau væru góð í, hvað væri erfitt annars vegar og létt hins vegar. Þau eru góð í ýmsu og öll gátu þau fundið eitthvað sem þau eru góð í. Börnunum finnst ólíkir hlutir erfiðir, en svörin tengdust fínhyringum og leikfimiæfingum. Ekkert kom fram í svörum þeirra sem hafa þarf áhyggjur af eða gera eitthvað í.

Börnin eru öll sammála að allir séu vinir á deildinni og þau segjast öll eiga vin á deildinni.

Í nóvember fengu einnig öll börn á rengboganum tækifæri til að segja sínar hugmyndir um hvernig þau sæju fyrir sér að hafa jólakaffið fyrir foreldrana. Þær hugmyndir sem komu snéru allar að mat og vildu börnin bjóða upp á alls kyns kökur, einnig brauð og ost. Tekin var ákvörðun að bjóða upp á piparkökur, súkkulaðiþitakökur, brauð og álegg.

**Tækifæri til umbóta:** Ræða við elsta árganginn um útiveru s.s. hvað er skemmtilegt að gera úti og hvað eigum við að gera meira af úti. Var það gert og unnið strax úr.

## 7.4 Grænfánaverkefni

Í ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar má finna skýrslu um umhverfismennt í Skýjaborg yfir skólaárið. Í lok apríl var grænfánaskýrslu skilað til Landverndar og sótti leikskólinn um sinn fimmta grænfána. Í haust verður gerður ný aðgerðaráætlun fyrir næsta grænfánatímabil.

## 7.5 Mat á skólaárinu 2018-2019

Við byrjuðum haustið með bættum starfsaðstæðum sem samþykktar voru í Sveitarstjórn vorið 2018. Stytting vinnuvikunnar fyrir starfsfólk niður í 35 stundir miðað við 100% vinnu, hækkun barngilda á 4 og 5 ára börnum og aukning á undirbúningstímum hjá deildarstjórum og leikskólakennurum.

Í haust hófu tveir nýjir starfsmenn störf hjá okkur, iðjubjálfi og leikskólakennaranemi á þriðja ári. Mjög góð viðbót í starfsmannahópinn. Í desember hætti einn starfsmaður og var annar ráðinn inn í lok janúar. Þrátt fyrir mikil veikindi á starfsfólki síðastliðin vetur jukust veikindin á milli ára. Við veltum fyrir okkur hvort þessi vetur hafi verið óvenju pestaskæður.

Í haust fór leikskólinn úr mentor kerfinu yfir í Karellen kerfið. Í kerfið er viðvera barna skráð, svefn og matur. Þar eru einnig settar inn myndir af börnunum. Góð breyting frá því sem verið hefur og uppfyllir nýju persónuverndarlögin, sem deiling mynda á facebook síðunum gerði ekki.



Skipulagsdagar voru vel nýttir í skipulagningu starfs, námskeið og fundi. Meðal annars fékk starfsfólk námskeið í MIO skimunarefni og Lubbanámskeið. Sjá má í Ársskýrslu 2018-2019 hvaða námskeið starfsfólk fór á bæði á skipulagsdögum og það sem þeir sóttu utan þeirra. Fagfundur Leik- og grunnskóla var í apríl þar sem starfsfólk fór yfir sköpun í skólstarfi. Heyra mátti mikla ánægju með fundinn á starfsfólki.

Vel gekk að framfylgja aðgerðaráætlun Grænfáns þennan vetur og var skýrslu skilað í lok apríl og sótt um fimmta Grænfánann. Deildarugl var áfram inni mánaðarlega og vekur það alltaf lukku. Vinna við gagnabanka / viðburðarbók er enn á frumstigi og þeirri vinnu verður haldið áfram næsta vetur.

Skólasamstarfið var með svipuðu sniði og í fyrra og gekk mjög vel. Sjá nánar í ársskýrslu.

Stjórnendur fóru yfir umbótaáætlun 2018-2019. Ekki fannst listnámskeið sem tengist náttúru og endurnýtingu. Ekki náðist að fara í fræðslu um einingakubba, verður sett í umbótaáætlun næsta árs. Ekki uku stjórnendur stuðning við starfsmenn í starfi, möguleiki að endurskoða og fjölga starfsmannasamtölum, en leikskólastjóri hefur hug á að breyta því eftir fæðingarorlof, þ.e.a.s breytingar verði haust 2020 og meðfram því verður töluleg einkunn í starfsmannasamtölum endurskoðuð. Áfram verður unnið að gerð gagnabanka/viðburðarbók til að fletta upp í á milli ára. Annað sem var í umbótaáætlun 2018-2019 náðist að framkvæma.

## 7.6 Aðrir matsþættir

Ekkert ytra mat var í vetur. Gerð var umbótaáætlun v. ytra mats á vegum Menntamálastofnunar í haust og hefur verið unnið eftir henni ásamt umbótaáætlun síðustu starfsáætlunar Skýjaborgar. Þeir liðir, sem ekki er lokið, úr umbótaáætlun v. ytra mats á vegum Menntamálastofnunar koma fram í umbótaáætlun 2019-2020.

## 7.7 Samantekt

Í þessum kafla hafa eftirfarandi þættir verið metnir í starfi leikskólans Skýjaborg: Alla árangursvísa í lykilþættinum Námskrá, lykilþáttinn Þroski og framfarir barna, alla árangursvísa í lykilþættinum Stjórnun, starfsmannasamtöl, nám og velferð barna, grænfánaverkefni og mat stjórnenda á skólaárinu.

Í lok hvers kafla hafa tækifæri til umbóta verið tekin sérstaklega saman til að auðvelda gerð umbótaáætlunar. Hér á eftir er heildarmat styrkleika sett fram ásamt tækifærum til umbóta.

### 7.7.1 Styrkleikar

- Stjórnun í heild sinni er að koma mjög vel út. Öll svör voru mjög svipuð á milli starfsmanna og öll svör jákvæð fyrir skólann í heild.
- Skólanámskrá og starfsáætlanir í lagi og í samræmi við aðalnámskrá leikskóla.
- Framboð leik- og námsefnis gott.
- Gæði áætlana góð, vel uppbyggðar, sveigjanlegar og endurspeglar þarfir og áhugasvið barnanna. Þær eru metnar reglulega með starfsfólki deildarinnar, foreldrum og börnum þar sem það á við.

- Dagskipulag vel mótað, hefur skýra stefnu og metið reglulega.
- Starfsfólk nýtir matsupplýsingar reglulega til að bera kennsl á þarfir barnanna og skipuleggja næstu skref í leikskólastarfinu.
- Farið er vel yfir námskrá og dagskipulag með foreldrum, hlustað er á þá, væntingar þeirra, viðhorf og hugmyndir teknar inn í innra matið.
- Sjá má eðlilegar framfarir í alhliða þroska og námi barna.
- Samskipti starfsfólk við foreldra og börn eru jákvæð og góð. Starfsfólk er ánægt með stjórnunina, styttingu vinnuvikunnar og upplýsingaflæði. Starfsfólk er ljóst um réttindi, skyldur, kröfur og starfslýsingu.
- Foreldrar jákvæðir og ánægðir með starfið í leikskólanum.
- Aðlögun gekk vel og foreldrar fengu góðar upplýsingar með heim.
- Broskarlamat sem lagt er fyrir elsta árganginn um skólastarfið og líðan þeirra kom vel út og gefur okkur góðar upplýsingar um elsta árganginn.

### 7.7.2 Tækifæri til umbóta

- Auka vitund barna á umhyggju gagnvart bókum og púslum og perlum sem detta í gólfið.
- Auka vitund barna á að við göngum frá eftir okkur.
- Auka framboð af bókum sem sína ólíkar þarfir og menningu.
- Passa upp á stuðning við nýtt starfsfólk í starfi í tengslum við þær einstaklingsáætlanir sem í gangi eru hverju sinni.
- Endurskoða mat barna á leikskólastarfinu. Skoða innleiðingu á stjórnun vikunnar (eða einhverju sambærilegu) á regnboganum.
- Óskir um námskeið:
  - tákni með tali námskeið,
  - listköpunarnámskeið,
  - upprifjun í jóga
  - námskeið um sérþæði í mótuneyti
- Fjárfesta í fleiri hljóðfærum fyrir leikskólann.
- Fjárfesta í efnivið fyrir yngstu börnin.
- Heyra í foreldrum hvort þeir vilji aukna samvinnu, s.s. bjóða þeim inn á deild að vera með í leik og hópastarfi svo þeir sjái starfið sem fram fer. Og/eða fá foreldra til að vera með í undirbúningi fyrir íþróttadag í júní, aðstoða við keppni eða mat.
- Taka á áhorf barna í ípad á teiknimyndir og tónlistarmyndbönd.
- Kynna heimasíðu vel fyrir foreldrum.

## 8. Umbótaáætlun 2019-2020

Út frá niðurstöðum hér að framan er sett upp umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. Ásamt niðurstöðum hér að framan er umbótaáætlun ytra mats sem tilbúin var í október 2018 færð inn í þessa umbótaáætlun.

Matsþáttur	Tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Leik- og námsefni	Auka vitund barna á umhyggju gagnvart bókum og púslum og perlum sem detta í gólfíð.	Umræður í starfsmannahópnunum á deildarfundum, hvernig unnið er að því að auka vitund barna á umhyggju gagnvart bókum og púslum og perlum sem detta í gólfíð. Í framhaldi er svo unnið með börnunum.	Deildarstjórar	Ágúst 2019	Janúar 2019	Hafa farið fram umræður? Hvernig hefur tekist til með börnin?
	Auka vitund barna á að við göngum frá eftir okkur.	Umræður í starfsmannahópnunum á deildarfundum, hvernig unnið er að því að auka vitund barna á að við göngum frá eftir okkur. Í framhaldi er svo unnið með börnunum.	Deildarstjórar	Ágúst 2019	Janúar 2019	Hafa farið fram umræður? Hvernig hefur tekist til með börnin?
	Auka framboð af bókum sem sína ólíkar þarfir og menningu.	Finna hvaða bækur eru góðar og kaupa.	Leikskólastjóri	Sept. 2019	apríl 2020	Hafa verið keyptar bækur? Hvaða bækur?
	Fjárfesta í fleiri hljóðfærum fyrir leikskólann.	Gera yfirlit yfir hvaða hljóðfæri eru til í leikskólanum. Hvað finnst starfsfólki vanta upp á? Finna góð hljóðfæri í samvinnu við tónlistarkennara.	Leikskólastjóri	desember 2019	maí 2020	Hafa verið keypt hljóðfæri? Nýttast þau vel í starfi?
Stjórnun: Stjórnun og starfsmenn	Passa upp á stuðning við nýtt starfsfólk í starfi í tengslum við þær einstaklingsáætlanir sem í gangi eru hverju sinni.	Leikskólastjóri tekur nýja starfsmenn í samtali eftir um mánuð í starfi og er eyðublað til fyrir það. Setja inn í eyðublaðið; Að fara yfir þær einstaklingsnámskrár sem í gangi eru.	Leikskólastjóri	Mai 2019	Júní 2019	Er búið að uppfæra eyðublaðið um starfsmannasamtal fyrir nýja starfsmenn?
	Óskir um námskeið í: tákni með tali, listsköpun, upprifjun í jóga, námskeið um sérþæði í mótuneyti.	Fylgjast með framboði á námskeiðum. Senda upplýsingar til starfsmanna. Fá námskeið inn á skipulagsdaga eftir því sem við á.	Leikskólastjóri	Ágúst 2019	maí 2019	Fengu allir eða einstakir starfsmenn tækifæri til að sækja námskeið sem þeir óskuðu eftir?
Mat barna	Endurskoða mat barna á leikskólastarfinu. Skoða innleiðingu stjórnunar vikunnar (eða einhverju sambærilegu) á regnboganum.	Fara í endurskoðun á mati barna á leikskólastarfinu. Hverju viljum við bæta við?	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Sept. 2019	apríl 2020	Hefur mat barna á leikskólastarfinu verið endurskoðað?
Foreldrasamvinna og ytri tengsl: Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun.	Heyra í foreldrum hvort þeir vilji aukna samvinnu, s.s. bjóða þeim inn á deild að vera með í leik og hópastarfi svo þeir sjái starfið sem fram fer. Og/eða fá foreldra til að vera með í undirbúningi fyrir íþróttadag í júní, aðstoða við keppni eða mat.	Fá að setja spurningu um þetta inn í foreldraspurningskönnun fræðslunefndar vor 2020 eða spyrja í foreldraviðtölum. Ræða á starfsmannafundi með öllu starfsfólki. Hverjar eru hugmyndir starfsmanna, vilja starfsmenn sjálfir prófa að bjóða foreldrum meira inn, s.s. Til að kynna niðurstöður könnunarverkefnis eða annað?	Leikskólastjóri	Janúar 2020	Apríl 2020	Hverjar eru niðurstöður frá foreldrum? Hafa starfsmenn sjálfir gert eitthvað til að auka samvinnu?
	Kynna heimasíðu vel fyrir foreldrum.	Kynna heimasíðu á foreldrafundum að hausti. Leikskólastjóri og deildarstjórar hafa heimasíðuna inn í fót frá sér í tölvupósti.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Ágúst 2019	Sept. 2019	Hafa tillögur að umbótum verið gerðar?

Úr fyrri umbótaáætlun sem ekki náðist að framkvæma:						
Stjórnun: Stjórnun og starfsmenn	Fræðsla um einingakubba.	Leikskólastjóri er með klárar glærur og deildarstjóri dropans næsta skólaárs hefur nýlega lokið námskeið í HÍ um einingakubba. Fá deildarstjóra til að fara yfir fræðslu um einingakubba á skipulagsdegi eða deildarfundum.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Júní 2019	apríl 2020	Hefur farið fram fræðsla um einingakubba?
	Stuðningur við starfsmenn í starfi.	Leikskólastjóri vinnur að bættum og fjölgun starfsmannasamtala. Gerir klárt til framkvæmda fyrir haust 2020.	Leikskólastjóri	júní 2019	Júní 2020	Eru breytingar á starfsmannasamtölum klárar?
Hugmyndafræði og áherslur	Gerð gagnabanka / viðburðarbókar.	Áframhaldandi vinna að gerð gagnabanka/viðburðarbókar.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	júní 2019	Júní 2020	Hvernig hefur vinnan að gerð gagnabanka/viðburðarbókar gengið í vetur?
Úr umbótaáætlun ytra mats sem vinna þarf að á þessu skólaári:						
Hugmyndafræði og áherslur	Efla umræðu um hugmyndafræði leikskólans meðal starfsfólks og gera hana sýnilegri í starfi.	Nýjir starfsmenn fá yfirferð frá deildarstjóra. Á haustin er farið eftir hverju við störfum. Efla umræðu um hugmyndafræði á deildarfundum. Taka eitthvað fyrir annan hvern mánuð (á t.d. fjórða hverjum deildarfundum).	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Október 2018	maí 2019 / apríl 2020	Í innra mati: Hver er hugmyndafræði leikskólans gerð sýnileg í starfi og er starfsfólk vel upplýst um hugmyndafræði leikskólans?
Stjórnun: Námskrá og áætlanir	Gera í skólanámskrá grein fyrir hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	Setja upp í skólanámskránni hvernig markmið leikskólans eru metin og skilgreina þar viðmið um þann árangur sem stefnt er að.	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri	Vor 2019	Vor 2020	Í innra mati vor 2020 - Er komið upp í skólanámskránni hvernig markmið leikskólans eru metin og viðmið um árangur skilgreind?
	Vinna áfallaáætlun og setja saman áfallateymi.	Skoða áfallaáætlun Heiðarskóla, uppfæra sameiginlega fyrir leik- og grunnskóla og mynda áfallateymi í framhaldi.	Skólastjórn	nóvember 2018	Vor 2019 / Október 2020	Áfallaáætlun og áfallateymi til?
Stjórnun: Stjórnun og starfsmenn	Gæta að því að undirbúningstímar falli ekki niður.	Halda skrá um undirbúningstíma. Vinna undirbúning upp ef þeir falla niður. Vinna undirbúning fyrir fram ef tími gefst til. Ítreka við starfsmenn að halda utan um undirbúningstímanna sína. Virkja deildarstjóra að nýta allan mögulegan tíma í undirbúning fyrir sig og sína starfsmenn. Fara yfir á deildarstjórafundum.	Leikskólastjóri, deildarstjórar og aðrir starfsmenn með undirbúning	ágúst 2018	Viðvarandi verkefni	Er til skrá um undirbúningstíma starfsmanna? Eiga starfsmenn mikið af undirbúningstímum eftir eða gengur vel að koma öllum í undirbúning? <b>Skoða janúar 2020</b>
Stjórnun: Fagleg forysta	Vinna að því að efla traust foreldra til leikskólastjóra og starfsmanna.	Setja niður verklagsreglur um persónuleg mál (vinnsluskrá Skyjaborgar) og skýra þær fyrir foreldrum. T.d. Barnaverndarmál - hvaða starfsmenn eru upplýstir?	Leikskólastjóri	Haust 2018	Vor 2019 / vor 2020	Vinnsluskrá tilbúin? Búið að kynna fyrir foreldrum?
	Æskilegt er að stjórnendur fylgist markvisst með námi og starfi á deildum í því skyni að veita endurgjöf og leiðbeina starfsmönnum um nám og uppeldi.	Stjórnendur setja tíma inn í sína áætlun hvenær og hvað oft þeir ætla inn á deildir að fylgjast með námi og starfi á deildum.	Leikskólastjóri	Haust 2018	Vor 2019 / vor 2020	Hafa starfsmenn fengið endurgjöf og leiðbeiningu um störf sín um nám og uppeldi? Er þetta unnið markvisst samkvæmt áætlun?
Foreldrasamvinna og ytri tengsl: Þátttaka foreldra og upplýsingamiðlun.	Starfsmenn samræmi áherslur um samskipti og viðmót við foreldra.	Fara yfir samskipti og viðmót við foreldra á starfsmannafundi. Gera skriflegt hvernig við viljum haga okkar samskiptum.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Haust 2018	Vor 2019 / vor 2020	Hvenær var farið yfir? Hvar er skriflegt um samskipti og viðmót við foreldra?
Skólabjónusta og sérkennsla	Útbúa skriflega stefnu í stuðnings- og sérkennslumálum og verkferla um framkvæmd hennar.	Útbúa skriflega stefnu í stuðnings- og sérkennslumálum og verkferla um framkvæmd hennar.	Leikskólastjóri og sérkennari	janúar 2019	maí 2019 / vor 2020	Er skrifleg stefna í stuðnings- og sérkennslumálum klár og orðið opinber í t.d. Skólanámskrá?
Innra mat: Skipulag og viðfangsefni	Meta markmið skólanámskrár markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur	Setja fram matsáætlun um skólanámskrá þar sem farið er reglulega yfir viðmið um gæði og árangur.	Skólastjórn	vor 2019	Vor 2020	Er matsáætlun um skólanámskrá komin inn í skólanámskrá?
Innra mat: Gagnaöflun og vinnubrögð	Huga að stofnun matsteymis með fulltrúum stjórnenda, starfsfólks og foreldra þannig að allir hópar geti komið að því að ákveða áherslur og forgangsörðun í innra mati.	Setja saman matsteymi sem hittist reglulega og fer yfir áherslur og forgangsörðun í innra mati næstu 3 árin.	Leikskólastjóri	vor 2019	vor 2020	Matsteymi til og það virkt.
	Skoða hvernig foreldrar geta komið markvissar að mati á leikskólastarfinu.	Núna eru teknar saman niðurstöður eftir foreldraviðtölum og það hefur verið þeirra innlegg í innra matið hverju sinni. Til að auka það má leggja fyrir spurningarkönnun eða spyrja í foreldraviðtölum sérstaklega í tengslum við innra mat.	Leikskólastjóri	vor 2019	Vor 2020	Skipulag til um hvernig foreldrar koma meira að innra mati sett í matsáætlun.

## 9. Sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2019-2020

Við sjálfsmat í leikskólanum er notast við matstækið „Barnið í brennidepli“ og farið er yfir nokkra árangursvísa á ári. Á líðandi skólaári var farið yfir lykilþætti 1,2 og 7. Næsta vetur er áætlað að fara yfir lykilþætti 3 og 4:

Lykilþáttur 3: Nám í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.1 Gæði náms í gegnum leikinn

Árangursvísir 3.2 Samskipti barna og starfsfólks

Árangursvísir 3.3 Að mæta þörfum barnanna

Árangursvísir 3.4 Mat og gagnasöfnun

Lykilþáttur 4: Stuðningur við börn og fjölskyldur

Árangursvísir 4.1 Samræmt uppeldisstarf

Árangursvísir 4.2 Samræmi uppeldis og menntunar

Árangursvísir 4.3 Stuðningur í uppeldi og námi

Árangursvísir 4.4 Stuðningur við börn með sérþarfir

Stefnt er að því að allt starfsfólk taki þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á. Tekin er hluti af síðasta skipulagsdegi vetrarins þar sem mat er klárað.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarfundir á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

Sjálfsmatsáætlun á barni í brennidepli 2019-2022

<b>2019-2020</b>	<b>2020-2021</b>	<b>2021-2022</b>
Lykilþáttur 3	Lykilþáttur 5	Lykilþáttur 7
Lykilþáttur4	Lykilþáttur 6	Lykilþáttur 1
		Lykilþáttur 2

## 10. Símenntunaráætlun 2019-2020

Símenntunaráætlun er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og er hún gerð með hliðsjón af umbótaáætlun, áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og starfsþróunarsamtölum.

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar leikskólans. Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

Við mótun símenntunaráætlunar er unnið samkvæmt verkferli sem greint er frá í skólanámskrá.

### Yfirlit yfir símenntun 2019-2020

Skipulags dagar eru 6 á skólaárinu, þar af er einn sameiginlegur og einn tekinn í tvennt. Dagarnir nýtast í faglega umræðu, námskeið, fyrirlestra, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi og deildarfundi. Að auki er einn sameiginlegur fagfundur með Leik- og grunnskóla.

#### *Yfirlit yfir skipulagsdagar og fagfundur:*

Sameiginlegur skipulagsdagur **14. ágúst** (miðvikudagur): Námskeið í líkamsbeitingu. Hópefli.

Skipulagsdagur **13. september** (föstudagur): Starfsmannafundur. Undirbúningur vetrarstarfs. Undirbúningur kynningarfunda.

Skipulagsdagur **11. október** (Föstudagur): Leikur að læra ráðstefna í Hveragerði.

Hálfur skipulagsdagur **2. janúar** (fimmtudagur), *opið frá* kl. 12:00: Starfsmannafundur. Deildarvinna.

Skipulagsdagur **14. febrúar** (Föstudagur): Starfsmannafundur. Námskeið.

Hálfur skipulagsdagur **18. mars** (miðvikudagur), *lokað frá* kl. 12:00: Starfsmannafundur. Deildarvinna.

Fagfundur **18. mars** (miðvikudagur), kl. 16:00-18:00. Einn grunnþáttur menntunar tekin fyrir og ígrundaður vel með starfsfólki.

Skipulagsdagur **6. apríl** (mánudagur): Mat á skólastarfi o.fl.

#### *Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur og þing):*

Starfsfólki verður gefinn kostur á að sækja styttri námskeið, ráðstefnur og málþing sem boðið verður uppá næsta skólaár, utan leikskólans.